

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ólafsfjarðar 1990-2010, Fjallabyggð.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 26. febrúar 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ólafsfjarðar 1990-2010 frá 25. nóvember 1991.

Breytingin felst í því að hluti svæðis til sérstakra nota (U1) breytist í svæði fyrir þjónustustofnanir (opinberar stofnanir). Fyrirhugað er að reisa þar framhaldsskóla (S18).

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 26. febrúar 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.